

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Hnoðraholt - Smalaholt. Örvasalir 8, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 23. október 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Örvasali 8. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 8. desember 2008.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2008